




Varðar: Kjalarnes, Móavík, afmörkun lóðar (fsp)

Lögð fram fyrirspurn Hrefnu Stefánsdóttur, dags. 3. janúar 2024, ásamt bréfi, dags. 29. desember 2023, um afmörkun nýrrar lóðar úr landi Móavíkur á Kjalarnesi, samkvæmt uppdr. Verkfræðistofu Suðurlands ehf., dags. 12. júlí 2010.



Hluti aðalskipulags Reykjavíkur 2040.



Loftmynd af svæðinu.

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 samþykkt í borgarstjórn 21. desember 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022.

Samkvæmt aðalskipulagi er Móavík á mörkun skilgreinds landbúnaðarsvæði (L1) og opins svæðis á Kjalarnesi. Á landbúnaðarsvæði er um að ræða ræktað og framræst land innan lögbýla, þótt landinu hafi verið skipt upp og ekki sé lengur stundaður þar hefðbundinn landbúnaður. Á opnu svæði

Deiliskipulag/Hverfisskipulag

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið.

Fyrirhuguð lega Sundabrautar

Í matsáætlun framkvæmdar fyrirhugaðrar Sundabrautar dags. 15. september 2023 eru útlistaðir valkostir fyrir legu brautarinnar yfir Kollafjörð; ytri og innri leið. Innri og ytri leið marka útmörk þess rannsóknarsvæðis sem miðað verður við í umhverfismati, en endanleg lega um Kollafjörð gæti orðið á milli þeirra. Á Kjalarnesi mun Sundabraut tengjast núverandi Vesturlandsvegi vestan við Leiðhamra.



Rannsóknarsvæði sem miðað verður við í umhverfismati (Sundabraut – Matsáætlun).

Eins og sjá má á yfirlitsmyndinni fellur staðsetning þeirrar lóðar (rauður hringur) sem sótt er um að afmarka, innan áður nefnds rannsóknarsvæðis sem miðað verður við í umhverfismati.

Afgreiðsla máls 2010

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsstjóra Reykjavíkur þann 12. ágúst 2010 var lögð fram fyrirspurn Verkfræðistofu Suðurlands ehf. dags. 2. júlí 2010, varðandi stofnun nýrrar lóðar úr landi Móavíkur á Kjalarnesi. Fyrirspurninni var svarað neikvætt.

Bent var á að samkvæmt þáverandi gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 lægi umrædd spilda á mörkum landnotkunarflokkanna Opið svæði til sérstakra nota og Landbúnaðarsvæði. Þá lægi fyrirhugaður stofnstígur um Kjalarnes í gegnum það svæði sem hugsað er um að afmarka lóð á. Jafnframt var bent á að fyrirhuguð Sundabraut mun tengjast svæðinu nálægt umræddri landspildu.

Þá var tekið fram að uppskipting landskika á landbúnaðarsvæðum á Kjalarnesi hafi ekki þótt vera í samræmi við markmið AR 2001-2024 og hafi mörgum slíkum erindum verið synjað í skipulagsráði Reykjavíkur.

Niðurlag og niðurstaða umsagnarinnar var að ekki var mælt með að sérstök lóð yrði afmörkuð í landi Móavíkur.

Umsögn

Sótt er um að sumarbústaðurinn Móavík og lóðin sem hann stendur á verði tekin út úr landeign L125732. Samkvæmt bréfi sem fylgdi með umsókninni var beiðni send inn árið

2010 en fékk þá höfnun (sjá. ofangreint – afgreiðsla máls 2010). Bent er á það í bréfinu að árið 2018 hafi spildu úr landi Móa L125725 verið þinglýst og er talið að því hafi skapast fordæmi fyrir því að svo verði einnig gert með umrædda spildu úr landi Móa.

Líkt og bent var á hér að framanverðu fellur staðsetning þeirrar lóðar sem sótt er um að afmarka, innan áðurnefnds rannsóknarsvæðis sem miðað verður við í umhverfismati fyrir fyrirhugaða Sundabraut og legu hennar. Sú lóð (L125725) sem þinglýst var árið 2018 fellur utan þessa afmarkaða rannsóknarsvæðis. Er því ekki um að ræða sömu forsendur fyrir stofnun lóðarinnar.

Niðurstaða

Tekið er neikvætt í fyrirspurn um afmörkun nýrrar lóðar úr landi Móavíkur (L125732) á Kjalarnesi en lóðin er staðsett innan rannsóknarsvæðis vegna fyrirhugaðs vegstæðis Sundabrautar á svæðinu. Þar sem mögulegt vegstæði Sundabrautar gæti fallið á eða við umrædda lóð, afmarkaða úr landi Móavíkur, er ekki hægt að samþykkja að hún verði tekin út úr landeign L125732.

Ekki er hægt að ráðstafa því landi sem fellur innan marka rannsóknarsvæðis sem miðað verður við í umhverfismati fyrir fyrirhugaða Sundabraut og legu hennar.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur og verkefnastjóri.